

Afturhvarf



Kvikmyndir

Árni Þórarinsson

Bjargi sér hver sem betur getur — *Sauve qui peut (la vie)* ★★★ Frönsk-svissnesk. Árgæð 1980. Handrit: Anne-Marie Mieville, Jean-Claude Carrière. Leikstjóri: Jean-Luc Godard. Aðalhlutverk: Isabelle Huppert, Jacques Dutronc, Nathalie Baye.

Godard sneri með þessari mynd aftur til kvikmynda-gerðar eftir langa fjarveru í myndbandabransanum og ger-


ir sér lítið fyrir og fjallar beint um þetta afturhvarf.

Bjargi sér hver sem betur getur ef tilraun með kvikmyndina og þau efnisstef sem Godard hefur áður haft á sinni könnu: ástir, togstreita kynja, valdsins og auðsins eins og þetta birtist í samtvinnuðu lífi leikstjórans Pauls Godard (Jacques Dutronc) og þriggja kvenna, eiginkonunnar, sem hann hefur yfirgefið, ástkonunnar (Nathalie Baye), sem fæst við ritstörf og sveitastúlkunnar, sem gerist vændiskona (Isabelle Huppert) til að halda sjálfstæði sínu.

Þetta er þversagnakennd flækja en full af skemmtilegu formrænu sprelli, safaríkum, djarflegum atriðum og drjúgum ísköldum húmor í bland við örvæntinguna.



Yngri systir vændiskonunnar í „Bjargi sér hver ...“ hyggst feta í fótspor hennar.



Ólafur Lárusson

Kraftur eðlis-ávísunarinnar

Myndlist

Bragi Ásgeirsson

Það er engin lognmolla í kringum listamanninn Ólaf Lárusson enda gæti ég best trúað að hann hati kyrrstöðu. Hann er umbúðalaus í list sinni og hiklaus í skoðunum, lætur hvergi þrengja sér út í horn. Vill hafa svigrúm til frjálsra athafna í orði sem á borði.

Í list sinni er hann í hæsta lagi ágengur, vill helst rífa í fólk

og tuska það til, — myndverkin eiga að æpa á skoðendur a.m.k. alla þá er vænta þess að myndverk sé einungis fagurt yfirborðið og sparibúið fólk.

Fyrir margt er Ólafur Lárusson vandaræðabarnið í íslenskri myndlist, hinn ólmi foli, sem brösulega gengur að temja, sé það þá hægt. En það er nú einmitt styrkur hans svo sem sýning sú, er nú er í gangi í Kjarvalsallsal á Kjarvalsstöðum, er til vitnis um. Ætli hún sé ekki um margt sterkasta framlag Ólafs til íslenskrar myndlistar til

þessa þótt gloppótt sé, og máski einmitt þess vegna. Hann kemur til dyranna eins og hann er klæddur og það er meira en sagt verður um alla starfsbræður hans. Það skiptir visast meginmáli að sleppa heilskinnaður frá sýningunni, — þessu mikla og stjórnláusa fyrirtæki, sem svo fáir af hans kynslóð leggja út í í þessu umfangi.

Þetta er hressileg sýning, sem er verð allrar athygli og sem vinnur á við hverja nýja heimsókn. Hún speglar í senn kraft og lífsfuna, sem þó er haldið í skefjum með brögðum listar. Þá er upphengingin í hæsta máta óvenjuleg, fjölbætt og frumleg og mjög í ætt við sjálft myndmálið.

Það má sjá ýmis áhrif frá nýbylgjumálverkinu í myndum Ólafs, enda væri annað óeðlilegt og það er einmitt er honum tekst að beisla þessi áhrif og marka þeim persónulegan farveg að hann nær mestum árangri.

Þessi sýning kom mér skemmtilega á óvart og einkum fyrir það hve sterk artistísk kennd þrýðir mörg verkanna, sem er aðal þeirra í ólmum myndræmum pataldri.

Dregið saman í hnotskurn þá er safi og vaxtarmagn í þessari sýningu — átök, líf, þor og þróttur.

LITGREINING MED



CROSFIELD
540
LASER

LYKILLINN AÐ VANDADRI
LITPRENTUN

MYNDAMÓT HF.

HANN SÝNDI FYRIRHYGGJU...

